

Borgarfjarðarbrúin

MB 14. apríl 2010

Mætt voru: Ársæll Guðmundsson, Hilmar Már Arason, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Aldís Eiríksdóttir, R. Kristín Einarsdóttir, Kristján Gíslason, Snæbjörn Reynisson, Lilja Ólafsdóttir og Gunnhildur Harðardóttir, verkefnisstjóri.

Dagskrá:

- 7. júní og dagskrá lokadags/skil faghópa
- Önnur mál

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. 7. júní og dagskrá lokadags

Rætt um 7. júní 2010 sem ráðstefnudag vegna Borgarfjarðarbrúar. Allir skólarnir hafa gert ráð fyrir því í sínum skóladagatölum nema Grunnskólinn í Borgarnesi. Ekki gengur að hnika þessari dagsetningu til.

Skólastjóra GB falið að ganga frá málunum við sitt starfsfólk.

Dagskrá ráðstefnunnar rædd. Setning kl. 09.00, kynningar til kl. 12.30 þá matartími og svo endað með sameiginlegri stund kl. 13.00. Hver skóli komi með sitt framlag um verkefnið og vinnuna á þessu skólaári. Faghóparnir gera skil á sinni vinnu í vetur í samantekt. Formaður fer yfir það hvernig markmið verkefnisins hafa náðst á þessum þrem árum. Menntamálaráðuneytinu verður boðið að koma með erindi. Gert er ráð fyrir því að úttektaraðilar hafi skilað skýrslu og verða henni þá gerð skil.

2. Önnur mál.

- Allir skólarnir skili skýrslu fyrir 20. maí til verkefnisstjóra sem nýtt verður í lokaskýrslu verkefnisins.
 - Vinnufundur faghópa verður 20. maí í stað 13. maí sem er uppstigningardagur.
 - GB hefur sótt um styrk til verkefnisins Orð af orði, öðrum skólum boðið að taka þátt í verkefninu.
 - Óskað er eftir því að haldið verði námskeið í Mindmanager, spurning hvort kennarar í MB geti tekið það að sér.
 - Umræður urðu um mismunandi lestrarpróf og voru menn sammála að betra væri að prófa orðaforða frekar en hraða.
 - Spurningarlisti frá síðasta ári verði aftur lagður fyrir nemendur sem eru á Brúnni.
 - Í vor var ákveðið á fundi með skólastjórum MB og allra grunnskólanna sem að verkefninu koma að stofnuð skyldu námsmatsteymi. Í MB er starfandi námsmatsteymi og hefur teymið verið útbúið námsmatsbækling til dreifingar.
- ✚ Skólameistari MB telur að halda eigi möguleikanum opnum að nemendur geti verið á tveimur skólastigum og grunnskólarnir kynni það fyrir sínum nemendum og foreldrum en að sjálfsögðu geti þessar reglur breyst eins og allt annað.
- ✚ Rætt um aðkomu sveitarfélagsins að verkefninu á þessu ári. Fræðslustjóri ræddi á síðasta fundi bakhóps að gert hefði verið ráð fyrir því í fjárhagsáætlun að kr. 1.000.000.- færi í verkefnið. Ekki er ljóst hvernig þessum fjármunum verður ráðstafað að hálfu sveitarfélagsins. Óskað er eftir því að fræðslustjóri skýri það nánar

Fundarritari

Gunnhildur Harðardóttir